

Alþingi  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. mars 2019  
1903027/0.4.1/dh

**Efni: Umsögn Embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um dánaraðstoð, 138. mál**

Í umræddri tillögu er ráðgert að fela heilbrigðisráðherra margskonar umfangsmikil verkefni, m.a. í formi upplýsingaöflunar.

Ekki er hægt að mæla á móti því að umræða fari fram í samfélaginu um dánaraðstoð og siðferðileg álitafni þeim tengd. Að mati landlæknis ætti þó að byrja á að hvetja til umræðu um aðra meðferð eða takmarkanir á meðferð við lok lífs, þ.e. hvaða meðferð vilja einstaklingar eða ekki og hvaða meðferð á að standa til boða, þegar lífslok nálgast. Má þar nefna gjörgæslumeðferð, meðferð í öndunarvél, stórar skurðaðgerðir, endurlífgun og fleira. Slík umræða ætti að vera undanfari umræðu um svo umdeilt mál sem dánaraðstoð er. Það þarfnast mun lengri aðdraganda.

Embættið bendir jafnframt á að huga þarf að því að tími stjórnvalda til að sinna lögbundnum verkefnum er takmarkaður og miklar annir hjá þeim sem sinna stjórnslu heilbrigðismála. Sem dæmi má nefna er mikil vinna framundan við skipulag og framkvæmd heilbrigðisþjónustu, ekki síst í framhaldi af fyrirbyggjandi heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sem vonandi verður samþykkt. Landlæknir veltir því þeirri spurningu fram hvort það, að fela heilbrigðisráðherra þau umfangsmiklu verkefni sem hér eru lögð til, eigi að hafa forgang umfram önnur brýn mál?

---

Alma D. Möller,  
landlæknir

---

Dagrún Hálfánardóttir, sviðsstjóri  
sviðs eftirlits og gæða